

**Ed.** **484. Frumvarp til laga** [214. mál]  
um framkvæmd alþjóðasamninga um varnir gegn mengun frá skipum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 4. mars.)

1. gr.

Ráðherra þeim, sem fer með siglingamál, er heimilt að setja reglur til að framfylgja alþjóðasamningum, sem Ísland er aðili að og fjalla um mengun frá skipum.

2. gr.

Brot gegn reglum, sem settar verða samkvæmt þessum lögum, verða sektum.

Auk þess má láta brot verða fangelsi allt að 6 mánuðum þegar sakir eru miklar eða þegar um ítrekað brot er að ræða.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.